

20. þ. m. hjá félagsmönnum stefnanda, Sambandi veitinga- og gistihúsaeigenda, er ólögmett.

Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. Félags framreiðslumanna, greiði stefnanda kr. 3000.00 í málskostnað, innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 26. júlí 1962.

Nr. 3/1962. **Farmanna- og fiskimannasamband Íslands**
(Árni Stefánsson hrl.)
gegn
Landssambandi íslenzkra útvegsmanna
(Hafsteinn Baldvinsson hdl.).

Varadómari Benedikt Sigurjónsson í stað Ísleifs Árnasonar.

Uppsögn kjarasamnings talin ógild.

Dómur:

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, dags. 11. þ. m., af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands gegn Landssambandi íslenzkra útvegsmanna.

Stefnandi gerir þær dómkröfur, að uppsögn stefnda, dags. 10. maí þ. á., á kaup- og kjarasamningi milli aðilja máls þessa, dags. 14. febrúar 1961, verði dæmd ógild. Þá krefst stefnandi og málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Í 28. gr. kjarasamnings, sem gerður var hinn 14. febrúar 1961 milli Landssambands íslenzkra útvegsmanna annars vegar og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands hins vegar, segir svo:

„Samningur þessi gildir frá 1. janúar 1961 til 31. des. 1961. Sé honum ekki sagt upp fyrir þann tíma framlengist hann um eitt ár í senn. Uppsagnarfrestur er tveir mánuðir, eða 1. nóv. ár hvert.

Verði breyting á lögskráðu gengi islenzku krónunnar, er samningur þessi uppsegjanlegur með 1 mánaðar uppsagnarfresti.“

Hinn 4. ágúst 1961 var gengi islenzkrar krónu lækkað um 11.6% og með bréfi, dags. 10. ágúst 1961, bendir stefnandi stefnda á framangreinda uppsagnarheimild 2. mgr. 28. gr. kjarasamningsins. Kveðst hann eigi hafa kynnt sér til hlítar, hvort sambandsfélög hans hafi hug á því að segja upp gildandi samningi vegna ákvæða 28. gr. hans, en orðar þá hugsun, að hyggilegt sé vegna vinnufriðar, að samkomulag náist milli aðilja um kaupgjaldsmálin. Eigi kom til þess, að samningum væri sagt upp fyrir 1. nóv. 1961 samkvæmt heimild 2. mgr. 28. gr. kjarasamningsins og eigi var heldur beitt hinu almenna uppsagnarákvæði 1. mgr. sömu greinar. Framlengdist kjarasamningurinn því óbreyttur svo sem í nefndri grein segir.

Í lok s.l. aprílmánaðar ræddust aðiljar máls þessa við um kjaramál sín. Leitaði stefndi þá hófanna um það, hvort skipstjórar innan vébanda stefnanda, mundu vilja ræða um endurskoðun á gildandi samningum. Þeirri mála-leitan var ekki sinnt af hálfu stefnanda. Stefndi ritaði honum þá svohljóðandi bréf hinn 10. maí s.l.:

„Með tilvísun til síðustu málsgreinar 28. gr. samnings, sem gerður var við yður 14. febrúar 1961, samþykkti stjórn L. Í. Ú. í dag að segja upp fyrrgreindum samningi með eins mánaðar fyrirvara, þannig að samningurinn verði úr gildi kl. 24 00 þann 10. júní n. k.

Breytingar þær, sem vér óskum eftir að gerðar verði á samningnum, eru settar fram í bréfi til yðar dags. 2. maí s.l.

Vér tilkynnum yður, að samninganefnd vor er þegar tilbúin til viðræðna hvenær sem þér óskið eftir.“

Stefnandi sinnti eigi bréfi þessu. Ritaði þá stefndi honum aftur 22. júní s.l. Vísar hann þar til uppsagnar sinn-

ar frá 10. maí og óskar eftir svari við því, hvenær hafizt gætu umræður um breytingar á kjarasamningnum frá 14. febrúar 1961.

Þeirri málaleitan svaraði stefnandi 26. júní með svohljóðandi bréfi:

„Með bréfi dags. 10. maí s.l., sögðuð þér upp með eins mánaðar fyrirvara gildandi kjarasamningum við F. F. S. Í. um kaup og kjör á sildveiðum o. fl.

Uppsagnarheimildin er byggð á síðari málsgrein 28. greinar samningsins.

Þessari heimild til uppsagnar viljum vér mótmæla, þar sem gengislækkunin var gerð í byrjun ágústmánaðar í fyrra og réttur til uppsagnar með eins mánaðar fyrirvara á grundvelli gengisbreytingarinnar rann, að vorum dómi, út þegar L. Í. Ú. notaði ekki hina almennu uppsagnarheimild í 1. málsgr. 28. greinar samningsins um síðustu áramót.

Síðari málsgrein 28. gr. samningsins á heldur ekki að skilja svo, að hún veiti útgerðarmönnum heimild til uppsagnar þegar gengislækkun á sér stað, en lækkun á gengi ísl. krónunnar skapar hækkun á útflutningsafurðum sjávarútvegsins og bætir hag útgerðarinnar. Vér leyfum oss að tilfæra hér eftirfarandi fundarsamþykkt:

„Sameiginlegur fundur skipstjórnar og vélstjórnarmanna innan F. F. S. Í. á sildveiðiflotanum við Faxaflóa, haldinn í Slysavarnafélagshúsinu hinn 22. júní 1962 álitur að þar sem ætla megi að formgallar séu á uppsögn L. Í. Ú. varðandi samninga milli L. Í. Ú. og F. F. S. Í. frá 14. 2. 1961, sé ekki tímabært að taka ákvörðun um þessi mál fyrr en frekari upplýsingar um það liggja fyrir.“

Það skal tekið fram, að fund þennan sátu 135 skipstjórnar- og vélstjórnarmenn.

Eins og yður mun kunnugt mótmæltu fulltrúar F. F. S. Í. uppsögninni frá 10. maí s.l. á umræðufundinum við fulltrúa L. Í. Ú. í gær. Vill F. F. S. Í. hér með staðfesta, að það telur áðurgreinda uppsögn ólögmeeta og kjarasamningana því bundna.“

Þar sem aðiljar gátu þannig eigi orðið ásáttir um gildi nefndrar uppsagnar höfðaði stefnandi mál þetta og gerir þær dómkröfur, sem að framan greinir. Byggir hann kröfur sínar í fyrsta lagi á því, að gengislækkun hafi ekki skapað stefnda rétt til þess að nota uppsagnarheimild 2. mgr. 28. gr. áðurnefnds kjarasamnings. Í öðru lagi telur hann, að uppsögn stefnda frá 10. maí s.l. sé ógild vegna þess, að stefndi geti ekki notfært sér hið sérstaka uppsagnarákvæði 2. mgr. 28. gr., eftir að komið er fram yfir þann tíma, sem segja mátti samningnum upp samkvæmt hinu almenna uppsagnarákvæði hans í 1. mgr. sömu greinar, enda hafi engin gengisbreyting átt sér stað frá þeim tíma, er segja mátti samningnum upp samkvæmt því ákvæði hans. Heldur stefnandi því fram, að heimild 2. mgr. 28. gr. til uppsagnar sé algert undantekningarákvæði, sem eigi geti átt sér lengri aldur en frá gengisbreytingu og til þess tíma, er heimilt sé að segja samningi upp.

Stefndi hefur mótmælt því, að heimild hans til uppsagnar samkvæmt ákvæði 2. mgr. 28. gr. oftnefnds kjarasamnings nái eigi til þess tilviks, ef gengislækkun verður. Heldur hann því fram, að ákvæði þetta sé að öllu leyti gagnkvæmt og eigi jafnt við, hvort sem lögskráð gengi ísl. krónu hækkar eða lækkar. Þá mótmælir hann einnig því, að réttur hans til uppsagnar vegna gengisbreytingarinnar 4. ágúst 1961 samkvæmt framangreindri 2. mgr. 28. gr. hafi verið niðurfallinn 10. maí s.l. Heldur hann því fram, að hið sérstaka uppsagnarákvæði sé eigi tímabundið, því langur tími geti liðið frá því að gengisbreyting verður og þar til áhrif hennar komi að fullu í ljós. Hafi nefnt ákvæði því enn verið í gildi, er kjarasamningnum var sagt upp 10. maí s.l. og uppsögnin því að öllu leyti gild.

Eigi verður annað sé, en að hið sérstaka uppsagnarákvæði 2. mgr. 28. gr. framangreinds kjarasamnings sé gagnkvæmt, þannig að báðir samningsaðiljar geti notfært sér það, ef gengisbreyting verður. Hins vegar verður að telja, að stefndi hafi eigi, eins og atvikum máls þessa er háttað, getað beitt því eftir að liðinn var sá tími, er hægt var að segja kjarasamningi aðilja frá 14. febrúar

1961 upp samkvæmt hinu almenna uppsagnarákvæði í 1. mgr. 28. gr. hans, en engin sú breyting hefur orðið á lögskráðu gengi ísl. krónu frá næstliðnum áramótum, er endurvakið hefur hina sérstöku uppsagnarheimild 2. mgr. sömu greinar. Er framangreind uppsögn stefnda frá 10. maí þ. á. því ógild.

Rétt þykir að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 3000.00.

Dómsorð:

Framangreind uppsögn stefnda, Lands sambands íslenskra útvegsmanna, dags. 10. maí þ. á., á kjarasamningi aðilja frá 14. febrúar 1961, er ógild.

Stefndi greiði stefnanda, Farmanna- og fiskimanna sambandi Íslands, kr. 3000.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
